



3. formannafundur Aftureldingar 16. september 2010

Fundur með stjórnnum allra deilda

Fundur settur kl. 18:15 í Hátíðarsal Varmárskóla

Mætt frá deildum: Sjá nafnalista aftan við fundargerð.

Mætt frá stjórn UMFA: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir. Einnig sátu fundinn Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri, Vilborg Jónsdóttir bókarari og Gyða Helgadóttir fráfarandi framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- 1) Kynning á aðalstjórn og verkefnum/nefndum Aftureldingar
- 2) Kynning á nýráðnum framkvæmdastjóra Aftureldingar
- 3) Stefna Aftureldingar
- 4) Siðareglur félagsins kynntar
- 5) DK bókhaldsforrit - upprifjun
- 6) Hlutverk stjórna deilda, foreldrafélaga/foreldraráða/tengiliða, yfirþjálfara deilda, þjálfara deilda

Matarhlé - Súpa og brauð

- 7) Samningar Aftureldingar við Mosfellsbæ
- 8) Styrktarsamningar/fjáröflun
- 9) Búningamál félagsins
- 10) Almennar umræður

Jón Pálsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

- 1) **Kynning á aðalstjórn og verkefnum/nefndum Aftureldingar.** Jón kynnti stjórnarmenn og fór yfir verkaskiptingu innan stjórnar og skipurit félagsins skv. lögum þess. Aftan við fundargerð þessa er að finna plagg sem listar upp verkefni einstakra stjórnarmanna. Jón sagði frá helsta verkefni sem aðalstjórn er að vinna að nú um stundir sem er endurnýjun samninga við Mosfellsbæ sem reyna á að ljúka fyrir 15. október. Aðalstjórn hefur skipað 3ja manna samninganefnd sem vinna mun í umboði aðalstjórnar og í nánú samráði við hana. Samninganefndina skipa formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Jón nefndi aðstöðu og fjárhagsnefnd sem er starfandi,

siðanefnd sem kjörin var á aðalfundi 2010, og afreksnefnd, sem starfaði síðasta ár og mun skila af sér starfsskýrslu brátt. Skýrslan verður nýtt til endurmats á starfi afreksnefndar og afrekshóps Aftureldingar.

- 2) **Kynning nýs framkvæmdastjóra.** Formaður kynnti Brynjar Jóhannesson nýráðinn framkvæmdastjóra Aftureldingar. Fundarmenn buðu Brynjar velkominn til starfa með lófataki.
- 3) **Kynning á stefnu Aftureldingar.** Varaformaður, Sævar Kristinsson, kynnti stefnuna. Sævar byrjaði á að fá fundarmenn til að standa upp og segja á sér deili. Sævar fór yfir vinnulag við stefnumótunina. Félagsstefnan umlykur allt starf samkvæmt stefnunni og uppeldisstefnan er í kjarnanum. Ræddi helstu atriði stefnunnar og mikilvægi þess fyrir faglegt innra starf að íþróttafulltrúi sé ráðinn til félagsins. Einnig félagsaðstöðu sem miklu skiptir til að byggja upp Aftureldingarhjartað og skrifstofuaðstöðu til að búa betur að starfsfólki félagsins.
- 4) **Siðareglur Aftureldingar.** Gyða fráfarandi framkvæmdastjóri hefur settið í siðanefnd sem kjörin var á aðalfundi 2010. Siðanefnd hefur unnið drög að siðareglum fyrir félagið. Nokkrar umræður urðu um drögin og fundarmenn almennt jákvæðir í garð þess að sjálfboðaliðar skrifi undir samþykki um að félagið megi nálgast sakavottorð viðkomandi þó skerpa þurfi á reglum þar að lútandi í endanlegri gerð siðareglanna. Drögin verða send til stjórnar deilda og óskað eftir ábendingum og athugasemdum frá þeim. Ætlun aðalstjórnar er að leggja siðareglurnar fyrir næsta formannafund til samþykktar.
- 5) **DK bókhaldskerfi.** Gyða fór sértaklega yfir helstu atriði varðandi innheimtu iðkendagjalda. Leiðbeiningar þessar verða sendar til deildanna frá skrifstofu Aftureldingar. Fundarmenn þökkudu Gyðu gott starf fyrir Aftureldingu með lófaklappi.
- 6) **Hlutverk stjórnar deilda, foreldrafélaga/foreldraráða/tengiliða, yfirþjálfara deilda, þjálfara deilda.** Gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru yfir reglur um störf og ábyrgð þessara aðila. Lögð áhersla á að stjórnir deilda riti fundargerðir og sendi þær til skrifstofu til varðveislu. Hnykkt á mikilvægi þess að starfsáætlanir og rekstraráætlun sé gerðar. Bent á að framkvæmdastjóri sé með form sem hægt er að nota við gerð samninga við þjálfara. Minnt á að allar reglur og lög sem gilda um starf Aftureldingar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins.
- 7) **Samningar við Mosfellsbæ.** Formaður fór yfir helstu markmið í komandi samningum við bæjaryfirvöld en þau samræmast öll skilgreindum markmiðum í stefnu Aftureldingar. Í komandi samningum leggur aðalstjórn mikla áherslu á mikilvægi þess að ráða íþróttastjóra til að efla hið faglega innra starf svo félaginu verði gert betur kleift að standa undir þeim síauknu faglegu kröfum sem gerðar eru til íþróttastarfs. Félagsaðstaðan er mjög mikilvæg sem og starfsaðstaða fyrir starfsmenn félagsins. Þar sem byggingu viðbyggingar að Varmá hefur verið frestað leggur stjórnin þunga áherslu á að fá góða bráðabirgðaaðstöðu. Megin stefni í samningunum verður að halda utan um grunnstarf félagsins, barna- og unglíngastarfið. Helstu markmið samninga eru sem hér segir:
 - a. Fylgja eftir stefnu félagsins um heilbrigt líf og hreyfingu allra. Kallar á faglega umgjörð og vinnubrögð. Félagið þarfnast 3 starfsmanna, framkvæmdastjóra, skrifstofumanns og íþróttafulltrúa/fagstjóra. Aðstaða starfsmanna og félagsstarfs verði bætt.

- b. Fjármögnun barna- og unglíngastarfs verði sjálfbær, þ.e. iðkendagjöld, framlag bæjarins og sjálfboðastarf nægi til að fjármagna starfið. Ekki þurfi sérstakar fjáraflanir til að fjármagna grunnstarfsemi.
- c. Afreksstarf verði eft. Mikilvæg fyrirmynd í barna- og unglíngastarfi. Samið verði um beina styrki inn í starfið sem og árangurstengda bónusa. Með sjálfbærni barna- og unglíngastarfs aukast möguleikar meistaraflokka og eldri iðkenda á að ná styrktarsamningum og fjáröflunum.
- d. Þjónustusamningar um rekstur íþróttahúsa. Íþróttamannvirki verði andlit UMFA. Samræma rekstur mannvirkja og félagsins hvað varðar ráðstöfun tíma og daglegan rekstur. Huga að búnaði ekki nóg að hafa hús. Rekstrarsamningur sem skapar tekjur inn í rekstur félagsins.

Samninganefnd verður skipuð formanni, framkvæmdastjóra og varaformanni. Samninganefnd útfærir samningsmarkmið nánar.

Nokkrar umræður urðu undir þessum lið. Óánægja kom fram vegna niðurfellingar æfinga um helgar vegna mótahalds og ekki síður vegna útleigu íþróttahúsa til ýmissa félagasamtaka sem ekki tengjast íþróttastarfi. Það er ljóst að það eru alltaf sömu deildir og flokkar sem lenda í því að þeirra helgaræfingar eru felldar niður. Fundarmenn almennt áhugasamir um að Afturelding taki yfir rekstur íþróttahúsanna svo fremi að það sé rekstrarlega hagkvæmt. Rætt að ef félagið hafi ábyrgð á rekstri þá aukist t.d. yfirsýnin yfir nýtingu. Í umræðu kom fram að fullorðið fólk er að fá tíma í íþróttahúsi án þess s að greiða raunhæft gjald fyrir, þ.e. þeir tímar eru niðurgreiddir af bænum. Einnig kom fram sú skoðun að æfingar barna og unglínga ættu að ganga fyrir þannig að börn og unglíngar gætu lokið sínum æfingum fyrir kvöldmatartíma.

- 8) **Styrktarsamningar/fjáröflun** Framkvæmdastjóri ræddi þá hugmynd að ná samningum við 2-3 aðila sem verði aðal styrktaraðilar félagsins í heild og þannig væri myndaður sjóður sem úthlutað yrði úr til deilda samkvæmt nánari reglum. Það er reynsla félaga í kringum okkur að svona sameiginlegir styrktarsamningar fyrir stórt félag séu hagkvæmari fyrir félögin og að stærri fyrirtæki sækist oft eftir að gera þannig samninga frekar en við einstakar deildir innan félags. Ítrekað var að alla styrktarsamninga og fjáraflanir eigi, samkvæmt lögum og reglum Aftureldingar, að tilkynna til aðalstjórnar áður en samningar eru gerðir eða fjáröflun hefst. Umræður urðu um það hvort sameiginlegir samningar væru til góðs og fram kom að með því að gera slíka samninga væri ekki verið að leggja stein í götu deilda við að afla sér styrktaraðila.
- 9) **Búninganefnd.** Gjaldkeri stjórnar skýrði frá vinnulagi búninganefndar og framkvæmdastjóri fór yfir innihald samnings hvað varðar vörur og fjárhagslegt virði fyrir félagið. Tilkynnt að búninganefndin hittist í næstu viku og ákveður nánar um framkvæmdina. Formaður handknattleiksdeildar gagnrýndi störf aðalstjórnar í sambandi við ákvörðun um samninga um búninga og taldi of mikla miðstýringu eiga sér stað þar sem ákvörðunin um búningana var tekin á fundi aðalstjórnar en ekki formannafundi eins og áður. Jón fór yfir aðkomu formannafundar að setja málið af stað og framhaldsvinnu við það. Flestir fundarmenn sem til máls tóku fögnuðu því að gerður hefði verið slíkur samningur og því að nú gæfist tækifæri til að skapa samræmt heildaryfirbragð allra iðkenda Aftureldingar.
- 10) **Önnur mál** Rætt um aðferðir til kynningar á barna- og unglíngastarfi Aftureldingar og hvernig sækja ætti fleiri iðkendur. Auka þarf aðgengi Aftureldingar til að kynna sitt starf fyrir foreldrum og börnum í gegnum skólana, t.d. með útsendingum á tölvupóstlista þeirra. Formaður sagðist

taka málið upp í samningaviðræðum við bæjaryfirvöld og tengja þar við umsjón Aftureldingar með Íþróttaförinu. Einnig tillaga um að þegar æfingatímar og verð eru klár að hausti þá sé útbúinn bæklingur sem settur sé á vef Aftureldingar og dreift til heimila. Vefur kom til umræðu og nefnt að þar þyrfti að fjölga tengingum á forvarnaefni ýmis konar sem er víða að finna. Fundarmenn voru minntir á starf vefnefndar félagsins sem er að fara af stað og beðnir að bregðast vel við erindum frá henni um tillögur og upplýsingagjöf þegar þau berast.

Fundi slitið kl. 21:30

Anna Sigríður Guðnadóttir ritaði fundargerð

Mættir frá deildum:

Blak: Guðrún Kristín Einarsdóttir, Mundína Kristinsdóttir, Hafdís Björnsdóttir, Sandra Kjartansdóttir, Jón H. Haraldsson

Fimleikar: Eva Magnúsdóttir, Anna Margrét, Brynja Jónsdóttir, Halla Heimisdóttir

Sund: Ýr Þórðardóttir, Jónína Jónsdóttir, Ragnar Stefánsson, Hildur Karen Sigurbjörnsdóttir

Fótbolti: Hallur Birgisson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Ásgeir Eyþórsson, Hrönn Hugadóttir, Friðrik Gunnarsson, Halldóra Björnsdóttir, Gylfi Dýrmundsson, Jón Þór Eyjólfsson, , Hanna Símonar, Bjarki Már Sverrisson, Brynhildur H. Jónsdóttir, Erna Reynisdóttir, Erlendur Fjeldsted, María Guðmundsdóttir, Heiða Sigrún Andrésdóttir, Tryggvi Þorsteinsson, Geirarður Long, Unnur Guðjónsdóttir

Frjálsar: Hlynur Guðmundsson, Ólafur Ingi Óskarsson, Elínborg Ólafsdóttir,

Karate: Andrea Jónsdóttir, Arnar Þór Björgvinsson,

Karfa: Inga Jónsdóttir

Handbolti: Elín Reynisdóttir, Kristján Guðmundsson, Auður Gunnarsdóttir, Óskar Vídalín, Ingimundur Helgason

Taekwondo: Richard Már Jónsson, Jón Levy, plús einn (ólæsilegt)



Aðalstjórn Aftureldingar – Verkaskipting og ábyrgð

Samþykkt á fundi aðalstjórnar 8. september 2010

Hlutverk stjórnar.

Stjórn Aftureldingar hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda og ber sameiginlega ábyrgð á rekstri þess og allra deilda eins og nánar er skilgreint í lögum félagsins. Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og fylgir eftir stefnu þess. Hún er málsvari félagsins og allra deilda þess og sér um samræmingu á starfi deildanna ásamt því að gæta hagsmuna þeirra allra.

Formaður.

Formaður Aftureldingar er talsmaður félagsins út á við og yfirmaður framkvæmdastjóra félagsins. Formaður sér um samninga félagsins við Mosfellsbæ og samskipti við sveitarfélagið, UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og aðra aðila sem félagið á í viðskiptum og samskiptum við vegna starfsemi sinnar. Formaður hefur jafnframt umsjón með stefnumótun félagsins og stýrir stjórnarfundum þess, formannafundum og almennum fundum og samkomum eftir því sem það á við.

Varaformaður.

Varaformaður Aftureldingar er staðgengill formanns í forföllum hans og formanni til aðstoðar við umsjón og eftirfylgni stefnumótunar félagsins og samskipti og samninga félagsins útávið. Varaformaður er ásamt formanni talsmaður aðalstjórnar gagnvart formönnum deilda félagsins og fylgir málefnum deilda eftir í aðalstjórn og út á við í samráði við formann.

Gjaldkeri.

Gjaldkeri aðalstjórnar félagsins hefur yfirumsjón með fjármálum og fjárreiðum aðalstjórnar félagsins. Gjaldkeri hefur eftirlit með fjármálum deilda félagsins í samráði við framkvæmdastjóra félagsins. Gjaldkeri er sjálfkrafa annar tveggja skoðunarmanna reikninga deilda félagsins og hefur fullan eftirlitsaðgang að bókhaldi og bankareikningum allra deilda og félagsins. Gjaldkeri hefur jafnframt yfirumsjón með félagatali félagsins og innheimtu félagsgjalda.

Ritari.

Ritari aðalstjórnar ritar fundargerðir aðalstjórnar, formannafunda og annarra funda sem aðalstjórn stendur fyrir og ritari er aðili að. Ritari hefur yfirumsjón með vistun fundargerða aðalstjórnar og deilda félagsins. Ritari sér til þess að fundargerðum og öðru því efni sem varðveislugildi hefur sé skilað til héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Ritari heldur utan um afrekaskrár og viðurkenningar sem veittar eru félagsmönnum ungmennafélagsins. Ritari hefur yfirumsjón með vefsíðu félagsins fyrir hönd stjórnar og miðlun fréttu af starfi hennar.

Meðstjórnandi og varamenn.

Meðstjórnandi og varamenn félagsins taka þátt í verkefnum aðalstjórnar auk þess sem þeir taka að sér ákveðin verkefni á vegum hennar s.s. setu í nefndum fyrir hönd aðalstjórnar.